



Jafnréttisstofa

Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2001
Ásamt greinargerð um starfið á árinu 2000

Jafnréttisstofa : Hvannavöllum 14 : 600 Akureyri
Sími 460 6200 : bréfsími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

FORMÁLI	4
STARFIÐ ÁRIÐ 2000	5
STARFIÐ ÁRIÐ 2001	7
<i>Ráðgjöf og upplýsingagjöf</i>	7
<i>Skýrslur og umsagnir</i>	8
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, og skýrslur ráðherra	8
CEDAW – Samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum	8
ILO - Alþjóðavinnuumálastofnunin	8
Umsagnir	8
<i>Vinnuhópar og verkefni</i>	8
Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámum	8
Konur til forystu – jafnara námsval kynjanna	8
Jafnréttisráðgjafi á Norðurlandi vestra	9
Samstarfshópur um jafnréttismál sveitarfélaga	9
Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun	9
Mannréttindaskrifstofa Íslands	9
Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins	9
Karlur til ábyrgðar	10
Undirbúningshópur fyrir málþing um launamál kynjanna	10
Samráðshópur vegna gagnabanka um konur	10
<i>Málþing og ráðstefnur</i>	10
Það læra börn	10
<i>Námskeið</i>	12
Jafnt er meira	12
Samþættingarnámskeið	12
<i>Útgáfa og heimasíða</i>	12
<i>Kynningar í fjölmiðlum</i>	13
<i>Opnir fundir</i>	13
<i>Fræðslufundir og erindi</i>	14
Samráðsfundur um jafnréttismál	14
Heimsóknir á Jafnréttisstofu	14
Fræðsla utan stofunnar	14
Evrópurútan	15
Fræðsla starfsfólks	16
<i>Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna</i>	17
<i>Jafnréttisnefndir sveitarfélaga</i>	18
Landsfundur jafnréttisnefnda	18
Jafnréttisráðgjafar sveitarfélaga	19
<i>Norrænt samstarf</i>	19
ÄK-JÄM	19
NIKK	19
Verslun með konur til kynlífsþrælkunar	19
Karlur og jafnrétti	19
Jafnlaun	20
Samþætting kynjasjónarmiða í fjárlagavinnu	20
<i>Samstarf Norðurlandanna og Eystrarsaltslandanna</i>	20
Nefnd Norðurlandanna og Eystrarsaltslandanna um jafnréttismál	20

<i>Vestnorrænt samstarf</i>	20
Ofbeldi gegn konum	20
<i>Norðurskautssamstarf</i>	21
Taking Wing	21
<i>Evrópskt samstarf</i>	21
Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.....	21
Ráðgjafarnefnd ESB	21
Framkvæmdanefnd ESB	22
EFTA samráðshópur	22
Daphne	22
European Database – Women in Decision Making	22
<i>Jafnréttisráð</i>	23
<i>Kærunefnd jafnréttismála</i>	23

Formáli

Jafnréttisstofa tók formlega til starfa 15. september 2000 eftir að gerðar höfðu verið umtalsverðar breytingar á skipan jafnréttismála á Íslandi með samþykkt laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í maí 2000. Umræddar breytingar fólu í sér að skilin voru að starfsemi Jafnréttisráðs, Kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisstofu, stofnunar sem sér um framkvæmd og eftirlit með lögum.

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu var ráðin Valgerður H. Bjarnadóttir valgerdur@jafnretti.is og annað starfsfólk sem ráðið var á árunum 2000 og 2001 er: Anna Hallgrímsdóttir, anna@jafnretti.is fulltrúi, Katrín Björg Ríkarðsdóttir, katrinb@jafnretti.is, Kristján Jósteinsson kristjan@jafnretti.is og Ingólfur V. Gíslason ingolfur@jafnretti.is sérfræðingar. Margrét María Sigurðardóttir margret@jafnretti.is var ráðin lögfræðingur stofunnar í desember 2001 og hóf hún störf í ársbyrjun 2002. Jafnréttisstofa er til húsa að Hvannavöllum 14 á Akureyri.

Jafnréttisstofa starfar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og er hlutverk hennar sem hér segir:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Skipulagsbreytingarnar og staðsetning Jafnréttisstofu utan höfuðborgarsvæðisins urðu til þess að miklar umræður spunnust um hlutverk og stöðu hennar og upp komu ýmis sjónarmið eins og við er að búast. Gera má ráð fyrir að sú umræða hafi leitt til þess að auknar kröfur verði í framtíðinni gerðar til stofunnar og til opinberrar starfsemi að jafnréttismálum. Það er vel. Reynslan hefur sýnt að staðsetning stofunnar er ekki hamlandi starfsemi hennar, en hún gerir kröfur til breyttra vinnubragða. Mikil áhersla hefur verið lögð á að sinna öllu landinu, og vera þannig hvetjandi til virks jafnréttisstarfs sem víðast. Ákveðið var í upphafi að plægja jarðvegin vel og sá í hann til framtíðar, í stað skammtímaávöxtunar. Það er von okkar sem á Jafnréttisstofu störfum, að starfið hér megi vaxa og dafna í mikilli og frjórri samvinnu við allan þann fjölda stofnana, fyrirtækja, félaga og einstaklinga sem á 21. öldinni huga að jafnrétti kynjanna í sínu daglega starfi.

Starfið árið 2000

Skrifstofu jafnréttismála, sem starfaði í Reykjavík, var lokað 31. ágúst 2000 og daginn eftir var framkvæmdastýra Jafnréttisstofu sest við skrifborð og síma á Jafnréttisstofu á Akureyri. Því var ekki um mikinn aðlögunartíma að ræða. Valgerður H. Bjarnadóttir var ein við störf þar til um miðjan september að Anna Hallgrímsdóttir var ráðin í starf fulltrúa. Kristján Jósteynsson og Katrín Björg Ríkarðsdóttir sem ráðin voru sem sérfræðingar hófu störf í nóvember og desember.

Elsa S. Þorkelsdóttir, sem gegndi starfi framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs var við störf fram í október 2000, til að tryggja upplýsingaflæði milli hins gamla og nýja. Annað starfsfólk var einnig innan handar og fúst að hjálpa til við að koma nýrri stofnun á fót, og skal þar sérstaklega nefna Katrínu Sveinsdóttur, fulltrúa, sem var ómissandi upplýsingaveita fyrstu starfsmánuðina. Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, sem var lögfræðingur kæruneftndar tók síðar aftur við því starfi í nýju skipulagi, og starfar nú í félagsmálaráðuneytinu með kæruneftndinni. Ingólfur V. Gíslason, sérfræðingur, kom til starfa við Jafnréttisstofu í mars 2001, en hann hafði unnið mikið og gott starf með Karlanefnd Jafnréttisráðs, sem lögð var niður með tilkomu nýju laganna. Þau tengsl sem þannig héldust við fyrri starfsemi eru dýrmæt.



Frá opnun Jafnréttisstofu 15. sept. 2000

Meiri hluti kraftanna þetta stutta fyrsta starfsár Jafnréttisstofu fór í undirbúning og frummótun starfseminnar. Finna þurfti hentugt húsnæði, taka búslóð Skrifstofu jafnréttismála upp úr kössum, skipuleggja, ráða og þjálfa starfsfólk. Þá var tíminn einnig nýttur til tengslamyndunar við ráðuneyti og aðrar ríkisstofnanir og erlenda samstarfsaðila, auk þess sem kynna þurfti hina nýju Jafnréttisstofu og hlutverk hennar.

Flest störf í nefndum og starfshópum hérlendis og erlendis, sérverkefni og daglegt starf sem hafði verið á verksviði Skrifstofu jafnréttismála (sjá ársskýrslur fyrri ára frá Jafnréttisráði) fluttist yfir á Jafnréttisstofu. Fjöldi erinda barst þessa fyrstu mánuði, s.s. óskir um ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana, aðstoð við einstaklinga sem töldu á sér brotið og almenn ráðgjöf við stofnanir, fyrirtæki, hópa og einstaklinga. Vegna fjölmiðlaumfjöllunar um nýja Jafnréttisstofu var mikið leitað til stofunnar þessa fyrstu mánuði varðandi ýmis jafnræðismál, s.s. byggðamál, málefni útlendinga, samkynhneigðra, fatlaðra o.fl.

Jafnréttisstofa skipulagði Landsfund jafnréttisnefnda sveitarfélaganna, sem haldinn var á Akureyri í október 2000 og hátíðahöld í tilefni 24. október, en þá voru 25 ár liðin frá Kvænnafrídegnum 1975. KRFÍ og Jafnréttisstofa stóðu sameiginlega að fundi sem haldinn var samtímis á Akureyri og í Reykjavík og var varpað á milli með fjarfundabúnaði. Fjöldi samráðsfunda var haldinn s.s. með jafnréttishópi Samtaka

atvinnulífsins, með KRFÍ og fleirum um baráttu gegn mansali, með verkefnisstjórn Konur til forystu o.fl. Framkvæmdastýra tók þátt í og skrifaði “position paper” fyrir Northern Research Forum, ráðstefnu um rannsóknir á Norðurslóðum, sem haldin var á Akureyri og Bessastöðum í nóvember 2000.



Frá ráðstefnunni *North meets North*, á Bessastöðum 2000

Eitt viðamesta verkefni Skrifstofu jafnréttismála síðustu misserin var norrænt verkefni um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfsemi sveitarfélaga http://www.norden.org/pub/velfaerd/jamstalldhet/sk/TN00_580.asp?lang=2. Þessu verkefni, ásamt fleiri verkefnum á sviði samþættingar var fylgt eftir af Jafnréttisstofu (sjá m.a. [http://brunnur.stjr.is/interpro/fel/fel.nsf/Files/nmr/\\$file/nmr.doc](http://brunnur.stjr.is/interpro/fel/fel.nsf/Files/nmr/$file/nmr.doc)). Framkvæmdastýra sótti fundi um norræna verkefnið í Kaupmannahöfn og ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar og OECD í París haustið 2000.

Starfið árið 2001

Ráðgjöf og upplýsingagjöf

Samkvæmt 3 .gr. laga nr. 96/2000 er það hlutverk Jafnréttisstofu að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf. Auk þeirrar ráðgjafar sem er veitt að frumkvæði stofunnar, er leitað til Jafnréttisstofu vegna margvíslegra mála sem tengjast jafnrétti kynjanna. Einnig er nokkuð leitað til stofunnar vegna málefna sem varða jafnrétti eða jafnræði almennt. Í þeim tilfellum er reynt að beina erindunum til viðeigandi aðila.

Mest áberandi og tímafrek árið 2001 voru einstaklingsmál sem sneru að atvinnulífnum á einn eða annan hátt. Má þar nefna athugasemdir vegna kynbundins launamunar, ráðningarmála, mismununar vegna barnsburðar o.fl. Nokkrum málum var vísað áfram til kærunefndar jafnréttismála en flest voru leyst með milligöngu Jafnréttisstofu án þess að til kæru þyrfti að koma. Alls vann stofan að u.þ.b. 40 málum fyrir einstaklinga eða hópa sem töldu sér mismunað vegna kynferðis. Flest málin voru leyst á farsælan hátt með því að vinnuveitandi, íþróttafélag eða stjórnvald tók fullt tillit til athugasemda Jafnréttisstofu.

Nokkur fyrirtæki leituðu eftir aðstoð og upplýsingum vegna gerðar jafnréttisáætlana eða almennrar ráðgjafar. Það sama má segja um sveitarfélög sem ýmist leituðu eftir aðstoð og upplýsingum um gerð eigin áætlana eða hvernig jafnréttisnefndir þeirra gætu aðstoðað fyrirtæki í sveitarfélögunum við gerð jafnréttisáætlana. Nokkuð var leitað til stofunnar vegna aðstoðar við öflun upplýsinga og heimilda um ýmis mál er varða stöðu kynjanna á Íslandi, bæði erlendis frá og innanlands. Óformleg samskipti í gegnum tölvupóst og síma eru mikil, ótal stuttar fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir, sem ekki hafa verið skráðar sem sérstök mál, en taka vissulega tíma og eru mikilvægur þáttur í ráðgjafarstarfsemi stofunnar. Útlán eru þó nokkur úr bókasafni Jafnréttisstofu, aðallega til námsfólks í framhalds- og háskólanámi á Akureyri. Að auki var nokkuð um millisafnalán og einnig voru bækur og annað efni sent út um land.

Í töflunni hér að neðan er gerð tilraun til grófrar flokkunar erinda. Þar er leitast við að aðgreina almenna ráðgjöf, s.s. aðstoð við gerð jafnréttisáætlana, ritgerða, námskeiða, og þau erindi sem varða meinta mismunun á grundvelli kynferðis. Ekki eru tilgreind erindi sem varða jafnræði, s.s. búsetu, kynþátt, fötlun o.fl. Flest erindin falla í hópinn *Önnur erindi*, en þar er um að ræða allt frá aðstoð við ritgerð, til ráðgjafar við stofnanir og fyrirtæki sem vilja grípa til séraðgerða í jafnréttismálum. Mun fleiri konur en karlar leita eftir ráðgjöf hjá Jafnréttisstofu, bæði vegna almennra erinda og meintrar mismununar. Í þessu yfirliti eru erindi flokkuð undir *Bæði kynin* ef þau varða ekki ákveðið annað kynið, undir *Konur* ef þau varða mismunun gegn konu eða konum eða upplýsingar um hópinn konur, og *Karlar* ef þau varða þann hóp, óháð kyni þess sem ráðgjafarinnar leitaði.

Tegund erindis	Bæði kynin	Konur	Karlar
Aðstoð við gerð jafnréttisáætlana fyrirtækja	8		
Aðstoð við gerð jafnréttisáætlana sveitarfélaga	4		
Mismunun - ráðgjöf við einstakling/hóp		31	10
Mismunun - ráðgjöf við fyrirtæki/stofnun	2	5	1
Aðstoð við dómsmál og samninga eftir kæru		8	
Önnur erindi – ráðgjöf/upplýsingar	20	46	12
Samtals skráð - 147 erindi	34	90	23

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, og skýrslur ráðherra

Jafnréttisstofa hefur með höndum skýrslugerð fyrir félagsmálaráðuneytið í málum er varða jafnrétti kynjanna. Þannig kom Jafnréttisstofa að gerð **skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna**, sem lögð var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002. Einnig hóf stofan á árinu endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar og lokaskýrslu ráðherra vegna hennar. Sú endurskoðun fór fram í góðu samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

CEDAW – Samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum

Á fjögurra ára fresti ber íslenskum stjórnvöldum að senda nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, skýrslu um stöðu kvenna, í samræmi við **Samning um afnám alls misréttis gagnvart konum**, sem Ísland hefur staðfest. 1998 var send þriðja og fjórða skýrsla Íslands og á árinu bárust stjórnvöldum spurningar og ábendingar varðandi þessa skýrslu, ásamt boðun á fund með nefndinni í janúar 2002. Jafnréttisstofa vann svörin við spurningunum og undirbjó fundinn í janúar, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið.

ILO - Alþjóðavinnuumálastofnunin

Á árinu 2001 bárust íslenskum stjórnvöldum spurningar frá alþjóðavinnuumálastofnuninni varðand framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998 – 2001. Einnig var spurt um sérstakar aðgerðir ætlaðar til þess að auka kynjajafnrétti í grunnskólum á Íslandi. Jafnréttisstofa vann svörin við spurningunum og voru þau send til alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

Umsagnir

Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp:

- Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, heildarlög
- Frumvarp til laga um útlendinga, 244. mál
- Frumvarp til laga um eftirlit með útlendingum, 284. mál, beiðni um hæli

Vinnuhópar og verkefni

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum

Árið 1998 skipaði félagsmálaráðherra til fimm ára þverpólitíska **nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum** í samræmi við þingsályktunartillögu þar um. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu tók við sæti Elsu Þorkelsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála í nefndinni.

<http://www.fleirikonuristjornmal.is/interpro/fel/fel.nsf/pages/nefnd>

Konur til forystu – jafnara námsval kynjanna

Jafnréttisstofa er þátttakandi í jafnréttisátakinu **Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna** ásamt Háskóla Íslands o.fl. Verkefnið er til tveggja ára, hófst árið 2000 og lýkur 2002. Markmið þess er að undirbúa konur sem ljúka námi frá HÍ undir forystustörf á framtíðarvettvangi þeirra og að fjölga konum í raunvísindum, verk- og

tölvunarfræði. Einnig að hvetja karlmenn til náms í hefðbundnum kvennagreinum s.s. hjúkrunarfræði og félagsráðgjöf.

Upphaflega var Jafnréttisráð aðili að verkefninu en Jafnréttisstofa tók það hlutverk yfir þegar hún var sett á stofn. Elsa Þorkeldsdóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála sat í verkefnisstjórn og tók þátt í undirbúningi verkefnisins en Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu tók síðar sæti hennar í verkefnisstjórninni.

<http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Ataksverkefni/index.html>

Jafnréttisráðgjafi á Norðurlandi vestra

Tilraunaverkefni til þriggja ára um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var komið af stað árið 1998 á vegum félagsmálaráðuneytis. Meginhlutverk jafnréttisráðgjafans er að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna innan fyrirtækja og stofnana og fjölga atvinnutækifærum kvenna á svæðinu. Ráðgjafarnefnd starfaði fulltrúanum til stuðnings og tók Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu við sæti Elsu Þorkeldsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála í henni.

Vegna þess hversu staða kvenna á vinnumarkaði utan höfuðborgarsvæðis er talin hafa versnað hlutfallslega var ákveðið haustið 2001 að framlengja verkefnið á þann hátt að um verður að ræða samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarfið mun gilda til ársins 2005 og munu ráðgjafarnir verða staðsettir á Blönduósi, í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi.

Samstarfshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Starfandi er samstarfshópur um jafnréttismál sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að samræma og vera hvetjandi við jafnréttisstarf á vegum sveitarfélaga. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu tók við sæti Elsu Þorkeldsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála í samstarfshópnum, en auk hennar sitja þar Ellert Eiríksson, bæjarstjóri f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar, f.h. jafnréttisnefnda.

Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun

Forsætisráðuneytið skipaði í byrjun nóvember 2000 nefnd til þess að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu á sæti í nefndinni. Nefndin hefur safnað upplýsingum frá og haft samráð við fjölda einstaklinga, stofnana og samtaka og mun skila skýrslu haustið 2002

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa tók við réttindum og skyldum Skrifstofu jafnréttismála hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Kristján Jósteysson sérfræðingur á Jafnréttisstofu hefur verið fulltrúi í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar frá aðalfundi skrifstofunnar, 17. maí 2001.

Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins

Framkvæmdastýra á einnig sæti í Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins um EES og Sérfræðingahópi IV. undirnefndar EFTA.

Karlar til ábyrgðar

Framkvæmdastýra og sérfræðingur Jafnréttisstofu áttu nokkra fundi með fulltrúum verkefnisins **Karlar til ábyrgðar – meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi**. Gerðar voru tilraunir til að tryggja framhald þessa mikilvæga verkefnis, sem í raun átti að ljúka í lok árs 2000. Í samstarfi við Rauða krossinn tókst að halda starfseminni gangandi til ársloka 2001, en ekki fengust styrkir frá ráðuneytum heilbrigðis- og félagsmála til að tryggja frekara framhald. Verkefnið er þó inni í endurskoðaðri áætlun ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna 2002-2004.

Undirbúningshópur fyrir málþing um launamál kynjanna

Með bréfi dagsettu 4. júlí 2001 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að undirbúa málþing um launamun kynjanna á Íslandi. Um er að ræða samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu. Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur var fulltrúi Jafnréttisstofu í starfshópnum og jafnframt formaður hans. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum á árinu til að meta hvaða þætti þyrfti að leggja áherslu á í leitinni að lausn vandans. Jafnframt var ákveðið að hafa málþingið í febrúar 2002 m.a. í von um að launamál kynjanna kæmust á dagskrá í umræðum fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Samráðshópur vegna gagnabanka um konur

Katrín B. Ríkarðsdóttir sótti fund í samráðshópi um gerð gagnabanka um konur í stjórnunarstörfum, fræðikonur o.fl. Í lok árs var hafinn undirbúningur að gerð gagnabankans á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum, í samstarfi við Kvinnasögusafnið, jafnréttisnefnd HÍ, Konur til forystu og Jafnréttisstofu. http://www.hi.is/stofn/fem/07_greinar/ranns_kv gagnabank.htm

Málþing og ráðstefnur

Það læra börn...

Jafnréttisstofa hélt á árinu þrjú málþing og eina ráðstefnu undir heitinu **Það læra börn... jafnrétti í samstarfi foreldra við fæðingu barns**. Til umfjöllunar voru ný fæðingar- og foreldraorlofslög nr. 95/2000 en með þeim er feðrum veittur sjálfstæður, óframseljanlegur réttur til töku fæðingarorlofs. Markmið stjórnvalda með lögunum var að tryggja barni samvistir við föður og móður og um leið að móta starfsumhverfi kynjanna til samræmis við breytt viðhorf til hlutverka- og verkaskiptingar.

Málþingin voru haldin á Akureyri 23. mars, á Reyðarfirði 23. maí og í Stykkishólmi 21. september. Lokaráðstefnan var síðan haldin í Reykjavík 12. nóvember. Markmiðið var að safna saman reynslu og skoðunum sérfræðinga og foreldra, og skoða áhrif laganna á hina ýmsa þætti samfélagsins. Um 45 manns miðluðu skoðunum sínum og reynslu með því að halda erindi og taka þátt í pallborðum og alls sóttu tæplega 200 manns málþingin og ráðstefnuna.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Arnbjörg Sveinsdóttir formaður félagsmálanefndar Alþingis og Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, settu málþingin þrjú, en þau voru öll byggð upp á svipaðan hátt. Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins kynntu lögin og sérfræðingar héldu erindi um feður og fæðingarorlof. Tvö pallborð voru á öllum þingunum, annars vegar um hlutverk, stöðu og væntingar foreldra við fæðingu barns og hins vegar um hið gullna jafnvægi fjölskyldu og atvinnulífs. Þátttakendur í pallborðunum voru sérfræðingar, fulltrúar atvinnurekenda, fulltrúar stéttarféлага og foreldrar, mæður og feður, sem höfðu

reynslu af töku fæðingarorlofs. Málþingin beindu sjónum að mismunandi aðstöðu foreldra til töku fæðingarorlofs eftir búsetu og atvinnu og m.a. sögðu bóndi og sjómaður frá reynslu sinni.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra setti lokaráðstefnuna sem var byggð upp á nokkuð annan hátt en málþingin. Starfandi voru tvær málstofur og fjallaði önnur þeirra um áhrif laganna á heilsugæslu, börn og mismunandi fjölskyldugerðir og hin um áhrifin á vinnumarkað og hagsæld þjóðarinnar. Í fyrrnefndu málstofunni snerust umræður að miklu leyti um hraða samfélagsins og hversu lítill tími er fyrir börnin eftir að fæðingarorlofi lýkur. Rætt var um að vinnumarkaðurinn þyrfti að vera í takti við lögin svo þau gætu virkað sem best. Frummælendur síðari málstofunnar voru almennt sammála um að lögin væru mikið framfaraskref, um væri að ræða róttæka breytingu sem almennt hefði fengið góðar undirtektir.



Frá ráðstefnunni *Það læra börn...*

Það er von Jafnréttisstofu að starfsfólk heilsugæslustöðva, stjórnendur fyrirtækja, fulltrúar stéttarféлага og ekki síst foreldrar sem komu á málþingin og ráðstefnuna séu orðin meðvitaðri um lögin, möguleika þeirra og áhrif, og finni leiðir til að vinna með þeim. Jafnréttisstofa hefur fengið í hendur mikið efni en eftir standa spurningar um áhrif laganna á hina ýmsu þætti samfélagsins og skiptingu orlofsins milli mæðra og feðra þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda. Tækifæri þurfa að skapast til rannsókna á þessum þáttum svo unnt verði að leita svaranna.

Helstu tillögur og niðurstöður voru:

- Auka þarf fræðslu og ráðgjöf til verðandi foreldra um möguleika og sveigjanleika laganna.
- Bæta þarf fræðslu til feðra og auka stuðning við feður sem vilja axla aukna ábyrgð.
- Lögin duga ekki ein til breytinga. Vinnumarkaður þarf að vera í takti við fæðingarorlofslögin svo þau virki í reynd.
- Fæðingardeildir í heimahéraði eru nauðsynlegar.
- Beina þarf sjónum að mismunandi nýtingu á möguleikum laganna eftir búsetu, atvinnu og fjölskyldugerðum.
- Huga að tímanum eftir að orlofi lýkur. Hvers vegna er víðast hvar gap milli fæðingarorlofs og leikskóla?
- Stjórnvöld þurfa að beina meiri athygli að börnunum.
- Rannsaka þarf áhrif laganna á hin ýmsu svið þjóðfélagsins.

Flest erindanna sem flutt voru á málþingunum og á ráðstefnunni er að finna á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is. Þá má einnig geta þess að tímaritið VERA gerði áttakinu góð skil í desembertölublaði sínu 2001.

Námskeið

Jafnt er meira

Í ársbyrjun var gerður samningur við fyrirtækið *Skref fyrir skref* um gerð námskeiðs um jafnréttisstarf í fyrirtækjum og gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðið sem fékk nafnið **Jafnt er meira** var haldið tvisvar sinnum á árinu. Leiðbeinandi var Hansína B. Einarsdóttir forstjóri *Skrefs fyrir skref*.

Fyrri námskeiðið var haldið í Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð 18. október og hið síðara í Garðabæ 13. nóvember. Fjöldi þátttakenda í námskeiðunum tveimur var 21, 18 konur og 3 karlar. Langflestir þátttakendanna störfuðu hjá ríkisstofnunum og/eða – fyrirtækjum.

Um er að ræða dagsnámskeið sem byggt er á fyrirlestrum og verkefnavinnu í hópum. Helstu efnisþættir eru hugmyndafræði og aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða, staðreyndir og tölur um kynjamun og gerð jafnréttisáætlana.



Á námskeiðinu *Jafnt er meira* í Garðabæ

Samþættingarnámskeið

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu kenndi samþættingarhugmyndafræði á námskeiði fyrir stjórnendur hjá Akureyrarbæ í nóvember. Jafnréttisnefnd Akureyrarbæjar stóð fyrir námskeiðinu.

Einnig kynnti framkvæmdastýran hugmyndafræði samþættingar, jafnréttisáætlana og fl. á stuttu námskeiði fyrir starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Útgáfa og heimasíða

Sú ákvörðun var tekin í upphafi ársins að fremur en að prenta útgefið efni væri vænlegra að leggja áherslu á netútgáfu. Með því skapast t.a.m. möguleikar á því að uppfæra upplýsingar reglulega án mikils tilkostnaðar.

Endurskoðaðir og uppfærðir voru þrjár bæklingar sem áður höfðu verið gefnir út af Skrifstofu jafnréttismála **Jafnréttisáætlana – aðferð til árangurs**, **Samþætting – ný leið til jafnréttis kynjanna** og **Kynferðisleg áreitni**. Bæklingarnir eru allir aðgengilegir á vefsíðu Jafnréttisstofu.

Á vefsíðu Jafnréttisstofu <http://www.jafnretti.is> eru reglulega settar inn upplýsingar um ýmis mál er lúta að jafnrétti kynjanna.

Kynningar í fjölmiðlum

Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að auglýsa stofuna í fjölmiðlum, bæði þegar eitthvað sérstakt er á döfni, en einnig með almennum auglýsingum.



Ein af auglýsingum Jafnréttisstofu

Ótal viðtöl hafa birst við starfsfólk stofunnar í dagblöðum og tímaritum hérlendis og erlendis, auk greina sem starfsfólk hefur skrifað um einstök verkefni. Eins og nefnt er hér að framan gerði tímaritið VERA málþingunum **Það læra börn...** góð skil í 6.tbl. sínu 2001.

Opnir fundir

Jafnréttisstofa stóð fyrir nokkrum opnum fundum, ýmist ein eða í samstarfi við aðra, sem allir voru vel sóttir. Fundirnir voru haldnir á Akureyri en stefnt er að því að fundir af þessu tagi verði haldnir um land allt og/eða þeim verði varpað til nokkurra staða á landinu með notkun fjarfundabúnaðar.

- **13. mars** var haldinn fundur í samstarfi við símenntunarsvið Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Þorgerður Einarsdóttir lektor í kynjafræðum við Háskóla Íslands kynnti bók sína **Bryddingar** og ungir feministar úr Bríeti, Ólafía Erla Svansdóttir og Hugrún Hjaltadóttir, kynntu bókina **Píkutorfuna**.
- **6. júní** efndi Jafnréttisstofa til opins fundar með Guðrúnu Agnarsdóttur lækni sem var formaður sérfræðinganevndar Evrópuráðsins um aðgerðir gegn ofbeldi á konum og ungmennum og tók þátt í mótun róttækra tillagna þar um. Yfirskrift fundarins var **Ofbeldi, mansal og kynlífsþrælkun**.
- **24. september** flutti Lilja Mósesdóttir hagfræðingur og dósent við Háskólann í Reykjavík <http://www.ru.is/kennarar/lilja/> erindi á rabbfundi Jafnréttisstofu um **árangurstengda jafnréttisstefnu** sem hún byggði m.a. á doktorsritgerð sinni.
- **24.-25. október** stóð Jafnréttisstofa í samstarfi við jafnréttisnefnd Akureyrar fyrir kynningarfundum með **Bríeti – félagi ungra feminista** í Verkmenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og í Deigluinni

Fræðslufundir og erindi

Samráðsfundur um jafnréttismál

25. september var haldinn, í húsaáskynnum Jafnréttisstofu, sameiginlegur fundur Jafnréttisráðs, nefndar um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun, nefndar um efnahagsleg völd kvenna og starfsfólks Jafnréttisstofu. Tilgangur fundarins var að miðla upplýsingum um störf nefndanna og stofunnar með það fyrir augum að auka samvinnu og virkni í opinberu jafnréttisstarfi.



Þátttakendur á samráðsfundi um jafnréttismál

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Nokkuð var um að hópar sæktust eftir því að fá að heimsækja Jafnréttisstofu og fræðast um starfsemi hennar. Eftirtaldir hópar heimsóttu stofuna: Ladies Circle 7, Zontaklúbburinn Þórunn hynna, Menntasmiðja kvenna á Akureyri og Delta kapp gamma, samtök kvenna í fræðslustörfum.

Jafnréttisstofa fékk einnig nokkrar heimsóknir á árinu erlendis frá. Stofan skipulagði í maí, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, viku heimsókn sendinefndar frá jafnréttisyfirvöldum í Litháen. Þar voru á ferðinni umboðsmaður jafnréttismála, starfsmaður þeirrar skrifstofu og lögfræðingur á vegum þess ráðuneytis sem fer með jafnréttismál. Sendinefndin heimsótti ráðuneyti, stofnanir, jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar og félagasamtök í Reykjavík, en kom síðan til Akureyrar að hitta starfsfólk Jafnréttisstofu, hitti jafnréttisnefnd og starfsfólk Akureyrarbæjar og fór að lokum í smáferð um norðlenska náttúru.

Í september heimsótti Anna Heilmann, starfsmaður grænlenka Jafnréttisráðsins, Jafnréttisstofu og nokkra einstaklinga, stofnanir og ráðuneyti í Reykjavík og Akureyri.

Fræðsla utan stofunnar

- Sérfræðingar Jafnréttisstofu héldu þrisvar sinnum erindi við Háskólann á Akureyri, tvisvar sinnum við rekstrardeild og einu sinni við námsbraut í nútímafræðum. Í öll skiptin var um að ræða kynningu á Jafnréttisstofu og starfsemi hennar en auk þess var fjallað um launajafnrétti og jafnréttisáætlanir.
- Sérfræðingur stofunnar flutti erindi um mansal og kynlífsþrælkun á aðalfundi Ljósmaðrafélags Norðurlands.
- Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hélt erindi um jafnréttisstarfið fyrir Rotaryklúbbinn á Reykjanesi.

- Framkvæmdastýra hélt erindi um hlutverk félagsráðgjafar í jafnréttisstarfinu í málstofu félagsráðgjafar HÍ 30. apríl
- Framkvæmdastýra hélt erindi á alþjóðlegum fundi Zonta-hreyfingarinnar, sem haldinn var á Akureyri í september. Á þeim fundi var Vigdís Finnbogadóttir sæmd heiðursnafnbót hreyfingarinnar.
- Sérfræðingur Jafnréttisstofu hélt erindi um jafnvægi fjölskyldu og atvinnulífs í safnaðarheimili Grafarvogskirkju. Hann hélt einnig erindi
 - um stöðu karla og kvenna í Fjölbrotarskólanum við Ármúla
 - sem kallaðist Fataklúðrið á Heimilissýningu á Grand Hótel
 - um föðurímyndina á feðradegi jafnréttisnefndar Austur-Héraðs í Hallormsstað 26. maí
 - um Unga feður í Egilsstaðaskóla 26. maí
 - um Ofbeldi gegn konum, í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga
 - um efnið Staða feðra, fyrir mæður barna á leikskólanum Grænuborg
 - undir heitinu Leikskólastjórar og karlar þeirra, á vegum jafnréttisnefndar leikskóla Reykjavíkur
 - um Glerveggi heimilisins á fundi Foreldrafélags Breiðholtsskóla
 - fyrir verðandi foreldra hjá MFS og á Sólvangi í Hafnarfirði

Starfsfólk Jafnréttisstofu kennir einnig á námskeiðum í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, auk símenntunar á ýmsum vettvangi.

Evrópurútan

Jafnréttisstofa tók þátt í umfangsmiklu kynningarátaki vítt og breitt um landið um möguleika Íslendinga á evrópsku samstarfi. Átakið kallaðist Evrópurútan, en fulltrúar frá 14 Evrópuáætlunum og þjónustuskrifstofum fóru dagana 10. til 21. september hringinn í kringum landið með viðkomu á 10 stöðum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög á viðkomustöðunum. Um það bil þriggja stunda viðdvöl var höfð á hverjum stað, fyrst var almenn kynning á hverri áætlun/verkefni og á eftir var boðið upp á einstaklingsráðgjöf á sérstökum kynningarbásum á hverjum stað.



Evrópurútan á Ísafirði

Jafnréttisstofa kynnti tvær áætlanir sem stofan hefur umsjón með hér á landi. Í fyrsta lagi **Daphne – Verkefnaáætlun Evrópusambandsins** og í öðru lagi kynnti Jafnréttisstofa **jafnréttisverkefni á vegum Evrópusambandsins** (Community framework strategy on gender equality). Markmið átaksins var að ná til sem flestra stofnana og fyrirtækja á landinu og kynntir voru möguleikar á styrkjum og verkefnum

sem standa til boða innan hinna ýmsu áætlana á vegum Evrópusambandsins eins og áður kom fram. Átakið tókst mjög vel og hátt í 300 manns mættu á fundi víðs vegar um landið og fengu þar með tækifæri til að fræðast nánar um einstaka áætlanir. Þessi leið hefur ekki verið reynd áður og ekki er vitað til þess að þetta hafi verið gert annars staðar í Evrópu fyrr og er þessi samvinna þjónustuskrifstofa Evrópuáætlana á Íslandi einstök.

Sérfræðingar Jafnréttisstofu nýttu hringferð Evrópurútunnar einnig til þess að kynna Jafnréttisstofu og starfsemi hennar.

Fræðsla starfsfólks

Jafnréttisstofa leggur áherslu á að kalla til sín sérfræðinga á ýmsum sviðum m.a. í tengslum við opna fundi. Tækifærið hefur einnig verið notað til fræðslu fyrir starfsfólk sem hefur þá fundað með viðkomandi og fræðst nánar um það efni sem þær hafa síðan fjallað um á opnu fundunum. Fundað var með Guðrínu Agnarsdóttur lækni um ofbeldi gegn konum og mansal, Lilju Mósesdóttur hagfræðingi um launajafnrétti og útreikning jafnréttisvísitölu og Bríetunum Huguínu Hjaltadóttur, Ólafíu Erlu Svansdóttur, Hildi Fjólu Antonsdóttur, Hólmfríði Önnu Baldursdóttur og Ásbjörgu Unu Björnsdóttur um stöðu og hugmyndir ungra kvenna.

Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur sinnti handleiðslu fyrir starfsfólk þar til lögfræðingur var ráðinn til starfa um áramótin 2001-2002.

Í byrjun ársins sátu sérfræðingar Jafnréttisstofu hluta námskeiðs í kynjafræðum við námsbraut í nútímafræðum við HA, kennarar voru Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Þorgerður Einarsdóttir.

Starfsfólk Jafnréttisstofu sótti eftirtaldar ráðstefnur og opna fundi, auk þeirra funda sem stofan skipulagði með einum eða öðrum hætti:

- *Competitiveness and Growth - Gender mainstreaming, París 2000*
Ráðstefnan var haldin í samvinnu OECD og Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjöldi ráðherra, sérfræðinga og stjórnenda á ýmsum sviðum og úr öllum heimshlutum sóttu ráðstefnuna. Vigdís Finnbogadóttir, Páll Pétursson, félagsmálaráðherra og Geir H. Haarde, fjármálaráðherra fluttu erindi á ráðstefnunni. Fjármálaráðherra var auk þess í forsæti.
- *Equal opportunities for older women in politics and society, Brussel*
Evrópsk ráðstefna haldin af BAGSO og ISIS til að vekja athygli á stöðu eldri kvenna í Evrópu.
- *Expert Conference on Men and Equality, Ørebro, Svíþjóð*
Sérfræðingar ráðstefna um stöðu karla. Svíar gegndu formennsku í Evrópusambandinu á fyrri helmingi ársins 2001 og lögðu mikla áherslu á umfjöllun um jafnrétti kynjanna.
- *Modern slavery, Kaupmannahöfn*
Ráðstefna um mansal haldin af CBSS (Commissioner of the Council of the Baltic Sea States) og bandaríska sendiráðinu í Kaupmannahöfn

○ *Hinir óbifanlegu ofbeldismenn (De urokkelige voldsmenn), Reykjavík*
Ráðstefna á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi.

○ *WoMen and democracy, Vilnius, Litháen*

Önnur ráðstefna um konur og lýðræði, framhald ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 1999. Samstarf 13 landa. Ráðstefnuna sótti stór hópur Íslendinga.



Konur og lýðræði, hluti íslensku þátttakendanna

○ *Hið gullna jafnvægi, Reykjavík*

Annars vegar upphafsráðstefna og hins vegar lokaráðstefna samstarfsverkefnis Reykjavíkurborgar og Gallup um sveigjanleika í fyrirtækjum, samræmingu starfs og einkalífs og bættu nýtingu mannauðs. Verkefnið var hluti af Evrópuverkefninu *Striking the Balance*.

○ *Tintin på nye eventyr, Hillerød, Danmörku*

Ráðstefna á vegum NIKK um stöðu karlarannsókna á Norðurlöndum

○ *Menn kan – arbeidsliv og likestilling, Kaupmannahöfn*

Norræn ráðstefna um stöðu karla og viðhorf þeirra til atvinnu- og fjölskyldulífs. Haldin á vegum norrænu karlanefndarinnar. Árni Matthiesen, sjávarútvegsráðherra var meðal frummælenda.

○ *Køn og vold, Køge, Danmörku*

Upphafsráðstefna norræna rannsóknarverkefnisins *Køn og vold*. Þar komu saman fulltrúar þeirra verkefna sem fengið höfðu styrk til rannsókna, auk fleiri fræðimanna og annarra sem fást við kynbundið ofbeldi.

○ *UNIFEM - Morgunverðarfundur 24. október*

Jóhanna Kristjónsdóttir flutti erindi um konur í Arabalöndum.

○ *Konur og Balkanstríðin*

Ráðstefna haldin á vegum Rannsóknarstofu í kvennafræðum 2. mars 2001

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Á árinu skipuðu ráðuneytin jafnréttisfulltrúa skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 en þar segir: “Sérhvertt ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíði ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Jafnréttisfulltrúi skal

árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um jafnréttisstarf þess ráðuneytis sem hann starfar fyrir.”

Fyrsti fundur jafnréttisfulltrúanna, með fulltrúum félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisstofu var haldinn í Reykjavík í febrúar. Jafnréttisfulltrúarnir komu svo til fundar á Jafnréttisstofu 6. apríl og haldið var námskeið fyrir þá á Akureyri dagana 8.-9. október. Á fundunum og námskeiðinu var farið yfir hugmyndafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða auk þess sem unnið var að mótun á stöðu og hlutverki jafnréttisfulltrúanna. Einnig var framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum yfirfarin og mótaðar hugmyndir að endurskoðaðri áætlun. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hittast reglulega á samráðsfundum.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga

Landsfundur jafnréttisnefnda

Jafnréttisstofa tekur virkan þátt í skipulagningu landsfunda jafnréttisnefnda sveitarfélaganna.

Eins og áður segir var landsfundurinn haldinn á Akureyri dagana 10.-11. nóvember 2000, í umsjón jafnréttisnefndar Akureyrarbæjar. Helstu umræðuefni voru ný skipan jafnréttismála, framkvæmdaáætlun ríkisins í jafnréttismálum, kærsmål gegn sveitarstjórnunum og hlutverk jafnréttisnefnda sveitarfélaga. Alls mættu til landsfundarins um 40 fulltrúar frá 20 nefndum.



Frá landsfundi á Akureyri árið 2000

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaganna 2001 var haldinn á Hvolsvelli 19.-20. október í samvinnu Jafnréttisstofu og jafnréttisnefndar Hvolhrepps. Yfirskrift fundarins var **Ný viðhorf – Aukin ábyrgð** og voru helstu áhersluatriði aukin ábyrgð sveitarstjórna í jafnréttisstarfinu, sveitarstjórnarkosningar vorið 2002 og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í sveitarstjórnarmál. Meðal frummælenda um sveitarstjórnarkosningar voru Hildur Helga Gísladóttir formaður nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri í Reykjavík og Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri í Garðabæ. Þær sem fluttu erindi um jafnréttisstefnu sveitarfélaga og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í sveitarstjórnarmál voru Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Reykjavíkur, Aagot Árnadóttir formaður jafnréttisnefndar Mosfellsbæjar og Svala Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar. Einnig flutti Lilja Mósesdóttir hagfræðingur erindi um árangurstengda jafnréttisstefnu og Anna Guðrún Björnsdóttir, forstöðumaður þróunarviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sagði frá helstu breytingum í starfsemi Sambandsins. Frá 18 jafnréttisnefndum komu um 30 manns á fundinn.

Jafnréttisráðgjafar sveitarfélaga

Jafnréttisráðgjafar og -fulltrúar sem starfandi eru hjá sveitarfélögum komu til fundar á Jafnréttisstofu 20. ágúst. Ráðgjafarnir kynntu störf sín og rædd var framtíðarsamvinna milli þeirra og Jafnréttisstofu. Mikil og stöðug tengsl eru milli Jafnréttisstofu og jafnréttisráðgjafanna, sem hittast reglulega á samráðsfundum sína á milli.

Norrænt samstarf

ÄK-JÄM

Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, ÄK-JÄM, hefur umsjón með samstarfsáætlun um jafnréttismál. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu tók sæti í nefndinni um mitt árið, en áður hafði Sigríður Lilly Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu setið þar fyrir Íslands hönd um skeið. Markmiðið með samvinnu Norðurlandanna í jafnréttismálum er að þróa aðferðir til að skapa þjóðfélög sem byggð eru á jafnrétti. Mörkuð hefur verið stefna um að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í alla starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og í samstarfsáætlun árána 2001-2005 er lögð áhersla á kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð, karla og jafnrétti og aðgerðir gegn ofbeldi á konum.

NIKK

NIKK er norræn rannsóknarstofunin í kvenna- og kynjafræðum með aðsetur í Osló. Kristján Josteinson sérfræðingur á Jafnréttisstofu er varamaður í stjórn NIKK og sótti hann einn stjórnarfund á árinu.

<http://www.nikk.uio.no/>

Verslun með konur til kynlífsþrælkunar

Í ársbyrjun var skipaður norrænn vinnuhópur með fulltrúum jafnréttisráðuneytanna til þess að fjalla um ástandið á Norðurlöndunum og í Eystrarsaltslöndunum vegna þess vanda sem verslun með konur og ungar stúlkur til kynlífsþrælkunar er (trafficking). Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu var fulltrúi Íslands í hópnum. Í ágúst hélt vinnuhópurinn fund hér á landi og hitti þá annað starfsfólk Jafnréttisstofu og vestnorrænan vinnuhóp um ofbeldi gegn konum. Í árslok urðu þær breytingar að hópurnir voru hluti af vinnuhópi um herferð Norðurlandanna og Eystrarsaltslandanna gegn verslun með konur og til viðbótar voru skipaðir fulltrúar frá dómsmálaráðuneytum landanna, og bættist þá Dis Sigurgeirsdóttir í hópinn frá Íslandi. Katrín sótti fjóra fundi í vinnuhópnum á árinu.

Karlar og jafnrétti

Á árinu lauk formlega samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu verkalyðshreyfingarinnar um verkefnið **Karlar og jafnrétti í atvinnulífinu**. Afraksturinn var hugmyndaritið **Kan menn? Menn og likestilling í arbeiðslivet**. Í framhaldi af útgáfunni var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn undir heitinu **Menn kan**. Þar flutti m.a. Árni Matthiesen sjávarútvegsráðherra erindi um íslensku fæðingar- og foreldraorlofslögin.

Vinna þessi var hluti af norrænni framkvæmdaáætlun um karla og jafnrétti sem í gildi var 1995 til 2000. Nokkur verkefni stóðu eftir þegar gildistími áætlunarinnar rann út og var þá skipuð sérstök nefnd til að reyna að klára þau verkefni. Ingólfur V.

Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu átti sæti í þessari nefnd. Auk ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn var komið á tengslum við karla í Eystrarsaltsríkjunum sem andæfa ofbeldi gegn konum í gegnum White Ribbon herferðina. Þá var haldið málþing í Osló 21. maí þar sem hittust tveir norrænir karlahópar sem annars vegar hafa rannsakað kynbundið ofbeldi og hins vegar hafa reynt að aðstoða þá karla sem vilja hætta ofbeldisbeitingu. Loks hefur nefndin staðið að undirbúningi bókar og ráðstefnu um kynjamótun í skólum.

Samþykkt hefur verið ný áætlun um jafnréttismál á Norðurlöndum og eru karlar og þátttaka þeirra í vinnunni að jafnrétti kynja eitt af þremur forgangsverkefnum þeirrar áætlunar. Áðurnefnd “karlanefnd” hefur stungið upp á að skipuð verði sérstök framkvæmdanefnd til að sjá til þess að þau verkefni sem vinna á innan hinnar nýju áætlunar verði ekki orðin tóm.

Jafnlaun

Í lok ársins var skipaður norrænn vinnuhópur með fulltrúum jafnréttisráðuneyta og fulltrúum vinnumarkaðar. Kristján Jósteynsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu er fulltrúi í hópnum sem hefur það verkefni að safna saman upplýsingum um stöðuna í launamálum kynjanna á Norðurlöndunum og gefa út í skýrslu ásamt tillögum að verkefnum.

Samþætting kynjasjónarmiða í fjárlagavinnu

Í lok ársins var skipaður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að gera tillögu að norrænu verkefni um samþættingu kynjasjónarmiða í fjárlagagerð. Fulltrúar í hópnum eru frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna. Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu er önnur tveggja fulltrúa Íslands í hópnum.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrarsaltslandanna

Nefnd Norðurlandanna og Eystrarsaltslandanna um jafnréttismál
Nefndin hefur það meginmarkmið að styrkja og stuðla að samstarfi opinberra jafnréttisstofnana á Norðurlöndunum og í Eystrarsaltslöndunum. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Valgerður H. Bjarnadóttir, situr í nefndinni fyrir Íslands hönd.
http://www.norden.org/jaemst/sk/cooperation_programme.pdf

Vestnorrænt samstarf

Ofbeldi gegn konum

Vestnorræn kvennaráðstefna var haldin í Færeyjum 1999. Í niðurstöðum hennar var skorað á aðildarlöndin að beita sér fyrir samvinnu landanna um ýmis málefni sem snerta konur. Í framhaldi af því samþykkti vestnorræna ráðið ályktanir sem staðfestar voru af Alþingi með þingsályktun. Þar er kveðið á um að:

- Alþingi standi fyrir ráðstefnu kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum í samvinnu við þing Færeyinga og Grænlandinga
- fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta skilyrði til rannsókna á málefnum sem tengjast konum sérstaklega
- fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja vestnorræna verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna

- d. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að skipa vinnuhóp sem leggi fram tillögur um sameiginlegar aðgerðir í vestnorrænu löndunum til að stöðva ofbeldi gegn konum
- e. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði
- f. fela ríkisstjórninni að vinna að því að stofna sjóð eða koma á öðru fyrirkomulagi sem greiði allan kostnað af fæðingarorlofi.

Í febrúar 2000 var skipaður vinnuhópur í samræmi við d.-lið ályktunarinnar um sameiginlegar aðgerðir í vestnorrænu löndunum til að stöðva kynbundið ofbeldi. Í hópnum eiga sæti tvær konur frá hverju landanna þriggja. Hópurinn fundaði á Íslandi í febrúar og ágúst, í Grænlandi í maí og Færeyjum í nóvember. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er formaður vinnuhópsins sem skila mun skýrslu á árinu 2002.

Norðurskautssamstarf

Taking Wing

Finnar gegna nú formennsku í Norðurskautsráðinu, en Ísland tekur við því hlutverki 2003. Finnar ákváðu að halda sérstaka Norðurskautsráðstefnu um málefni kvenna á norðurslóðum og buðu aðildarlöndum og félögum frumbyggja á Norðurskautinu að tilnefna fulltrúa í sérstakan undirbúningshóp. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er fulltrúi Íslands í þeim hópi. Ráðstefnan **Taking Wing** verður haldin í Saariselkä í Finnlandi í ágúst 2002.

Evrópskt samstarf

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins

Kristján Jósteynsson sérfræðingur á Jafnréttistofu er fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd um jafnréttismál, CDEG, á vegum Evrópuráðsins. Á vegum nefndarinnar eru starfandi ýmsir sérfræðingahópar sem vinna að einstökum málaflokkum. Íslenskir sérfræðingar hafa tekið þátt í starfi nefnda sem hafa unnið tillögur til ráðherranefndarinnar. Sem dæmi má nefna að Guðrún Agnarsdóttir lækni var formaður sérfræðinganefndar sem mótaði róttækar tillögur um aðgerðir gegn ofbeldi á konum og ungmennum í aðildarlöndum Evrópuráðsins. Þessar tillögur voru samþykktar af ráðherranefnd Evrópuráðsins í lok apríl 2002. Elsa Þorkelsdóttir fyrirverandi framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála og Sigrún Stefánsdóttir yfirmaður upplýsingasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar taka einnig þátt í störfum sérfræðinganefnda stjórnarnefndarinnar.

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins skipuleggur einnig ráðstefnur og fræðslufundi og gefur út skýrslur.

<http://www.humanrights.coe.int/equality/Eng/EqualityCommittee/EqualityCommittee.htm>

Ráðgjafarnefnd ESB

Ráðgjafarnefnd um jafnréttismál mótastefnu ESB í jafnréttismálum og gerir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna. Undir nefndinni starfa nokkrir vinnuhópar. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í nefndinni.

Framkvæmdanefnd ESB

Innan ESB er starfandi framkvæmdanefnd um jafnréttismál. Nefndin starfar eftir framkvæmdaáætlun sem ráðgjafarnefnd um jafnréttismál hefur gert. Árlega eru veittir styrkir til jafnréttisverkefna skv. áætluninni. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu á sæti í nefndinni (sjá http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/fund_en.html)

Jafnréttisráð á aðild að verkefni um kynbundinn launamun, sem fékk veglegan styrk á árinu. Noregur leiðir umrætt verkefni, en Rannsóknastofa í kvennafræðum sinnir því f.h. Jafnréttisráðs (sjá <http://www.likestilling.no/genderpaygap/>).

EFTA samráðshópur

Starfandi er samráðshópur um jafnréttismál sem fjallar um tillögur ESB að tilskipunum og leiðbeinandi reglum á sviði jafnréttismála eða mála sem snerta konur sérstaklega. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu á sæti í hópnun.

Daphne

Daphne er verkefnaáætlun á vegum Evrópusambandsins sem veitir styrki til verkefna sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi á konum, börnum og ungmennum (Programme of Community Action on Preventive Measures to fight Violence against Children, Young People and Women). Umsjón á Íslandi hafa Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa og eiga fulltrúar þeirra sæti í framkvæmdanefnd áætlunarinnar. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur er fulltrúi Jafnréttisstofu. Haldnir eru tveir fundir á ári og sóttu fulltrúar frá Jafnréttisstofu þá báða.

Verkefni sem Stígamót eiga aðild að, ásamt fleiri evrópskum miðstöðvum sem hafa það markmið að veita aðstoð vegna kynferðisofbeldis, hlaut styrk á árinu til þess að vinna að styrkingu evrópsks nets þessara miðstöðva, útbúa vefsíðu o.fl.

http://europa.eu.int/comm/justice_home/project/daphne/en/index.htm

European Database – Women in Decision Making

Jafnréttisstofa tók við af Skrifstofu jafnréttismála í öflun upplýsinga fyrir evrópska gagnabankann **European Database – Women in Decision Making**. Gagnabankinn var verkefni sem m.a. var styrkt af jafnréttisverkefnasjóði Evrópusambandsins og lauk styrkveitingum um mitt ár 2001. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu var tengiliður við gagnabankann.

Verkefni ársins voru: Hlutur kvenna í starfi þeirra stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi, öflun upplýsinga um verkefni eru unnin samkvæmt samþættingarhugmyndafræði og uppfærsla á þeim upplýsingum sem þegar voru í gagnabankanum (sjá www.db-decision.de).



Jafnréttisráð

Samkvæmt lögum nr.96/2000 eru formleg tengsl Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu engin. Hins vegar hafa stofan og ráðið gert með sér samstarfssamning og hefur samvinna verið góð. Jafnréttisstofa leggur ráðinu til aðstoð samsvarandi hálfu starfi. Ingólfur V. Gíslason hefur verið ritari Jafnréttisráðs og annað starfsfólk Jafnréttisstofu hefur veitt ráðinu þjónustu eftir þörfum. Elín R. Líndal formaður Jafnréttisráðs og framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hafa haft mikið og gott samstarf. Fimm af tíu fundum Jafnréttisráðs á árinu voru haldnir á Jafnréttisstofu (sjá einnig Ársskýrslu Jafnréttisráðs á www.jafnretti.is).

Kærunefnd jafnréttismála

Kærunefnd jafnréttismála hefur aðsetur í félagsmálaráðuneytinu og eru formleg tengsl við Jafnréttisstofu lítil sem engin, nema hvað stofan hefur átt nokkuð samstarf við starfsmann kærunefndarinnar. Eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu er að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið samkvæmt lögum nr. 96/2000 m.a. við að útbúa kærur til kærunefndar. Einnig heldur stofan utan um lyktir þeirra mála sem kærunefndin álitur brot á lögum nr. 96/2000 og fylgir eftir þeim málum sem kærunefnd tekur fyrir, sé þess óskað af kæranda.